

Reglugerð um félagaskipti og keppnisrétt í nýju félagi.

1. gr.

Keppandi má aðeins keppa fyrir eitt félag í öllum skotgreinum á hverju keppnistímabili.

2. gr.

Keppnistímabil eru:

A: 1. mars til 1. nóvember í haglabyssu, skammbyssu og riffli úti.

B: 1. september til 1. júní í skammbyssu og riffli inni.

3. gr.

Tilkynna þarf öll félagaskipti og ósk um keppnisrétt fyrir nýtt félag skriflega til stjórnar STÍ, með eins mánaðar fyrirvara frá nýja félaginu og viðkomandi meðlim. Keppandi hefur keppnisrétt með gamla félaginu þar til félagaskipti hafa tekið gildi.

Tilkynningu skal fylgja staðfesting á skuldlausri stöðu við fyrra félag og kvittun fyrir greiðslu félagaskiptagjalds.

4. gr.

Skotíþróttafélagi og viðkomandi keppanda er heimilt að gera sérstakan samning sín á milli og þarf að bera hann undir STÍ til staðfestingar

15.febrúar 2006